

Kirkjuþing 2023-2024

20. mál - þskj. 20a

TILLAGA

til þingsályktunar um aukna hlutdeild ungs fólks á kirkjuþingi.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Benjamín Hrafni Böðvarssyni, Berglinði Hönnudóttur, Evu Björk Valdimarsdóttur, Guðna Má Harðarsyni, Sigurði Grétari Sigurðssyni og Þuríði Wíium Árnadóttur.

Frsm. Sigurður Grétar Sigurðsson.

Kirkjuþing 2023-2024 samþykkir að beina því til forsætisnefndar að hefja undirbúning að því að auka hlutdeild ungs fólks á kirkjuþingi frá og með næsta kjörtímabili.

Greinargerð.

Án unga fólksins verður kirkjan gömul.

Ekkert um okkur án okkar.

Þessar tvær fullyrðingar lýsa ágætlega mikilvægi þess að kirkjan geri alvöru úr því að kalla ungt fólk til ábyrgðar í kirkjunni. Tölulegar upplýsingar sýna að hlutfall þeirra Íslendinga sem tilheyra þjóðkirkjunni er hæst meðal elstu kynslóðar Íslendinga en lækkar og lækkar eftir því sem neðar er farið á aldurskalanum. Flutningsmenn telja að mikilvægt sé að hafa ungt fólk með í ákvörðunum sem varða framtíð kirkjunnar. Ungu fólkið er best til þess fallið að svara því hvernig þjóðkirkjan geti náð betur til ungs fólks í dag.

Kirkjuþing hefur tvisvar á síðustu sex árum ályktað að auka hlut ungs fólks og samþykkt var á kirkjuþingi fyrir sex árum eftirfarandi makmið: „Miða skal við að ungt fólk, þ.e. sem er á aldrinum sextán til þrjátíu ára, sé að jafnaði minnst tuttugu hundraðshlutar þeirra innan hvernar skipulagsheildar þjóðkirkjunnar sem hverju sinni taka bindandi ákvarðanir, semja áætlanir, skipuleggja starfsemi og hafa kosningarétt.“

Orð á blaði skipta engu máli ef ekki á að fara eftir þeim og telja flutningsmenn að unga fólkið, kynslóðin sem á lægsta hlutfall þeirra sem tilheyra þjóðkirkjunni, verði að sitja við borðið, þegar stefnumótandi ákvarðanir kirkjuþings eru teknar. Sértekir kvótar eða aðgerðir geta skilað raunverulegum árangri. Aldurskvóti á kirkjuþingi myndi tryggja ungu fólki rödd og valdefla ungt fólk til þátttöku á kirkjuþingi og koma að stefnumótandi ákvörðunum þess. Ályktun þessi beinir því til forsætisnefndar að koma því í rétt ferli að finna úrræði sem tryggja ungt fólk að borðinu á kirkjuþingi.

Flutningsmenn sjá fyrir sér að hægt væri til dæmis að tryggja að fimm ný sæti verði tekin upp á kirkjuþingi sem falli undir nýja kjördeild sem nær yfir allt landið og kjörgeng séu öll þau sem skráð eru þjóðkirkjuna og eru yngri en 35 ára og eldri en 18 ára. Þau séu vitanlega með sem fullgildir fulltrúar á kirkjuþingi með atkvæðisrétt og sitji í nefndum. Hver kjördeild myndi þá kjósa fulltrúa úr sínu kjördæmi eins og er í dag, en auk þess að velja fulltrúa úr

Þessari nýju kjördeild. Leikmenn gætu átt ákveðið mörg sæti ungs fólks og prestar ákveðið mörg sæti.

Lagt er til að forsætisnefnd leggi fram tillögur á útfærslu þessa markmiðs annað hvort með því að fjölga þingfulltrúum um sem þessu nemur eða breyta fyrirkomulagi á annan hátt sem skili því markmiði að tryggt sé að minnsta kosti sjöundi hver þingmaður sé yngri en 35 ára.

Hér fylgja vísanir:

Hér eru gerðir kirkjuþings frá 2017, sjá bls. 62 um hlutdeild ungs fólk. Þessi ályktun var samþykkt/

<https://kirkjan.is/library/Files/KirkjuThing/Gerdir-kirkjuThings/Gerdir-kirkjuþings%202017.pdf>

Eins er hér þingályktun sem einnig var samþykkt

2021: [https://kirkjan.is/library/Files/Malaskra-2021_2022/23.%20mál%202021-2022%20Till.%20t.%20þál.%20um%20hlutdeild%20ungs%20fólks%20í%20kirkjustarfi%20og%20stjórn%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://kirkjan.is/library/Files/Malaskra-2021_2022/23.%20mál%202021-2022%20Till.%20t.%20þál.%20um%20hlutdeild%20ungs%20fólks%20í%20kirkjustarfi%20og%20stjórn%20-%20Copy%20(1).pdf)